

Nd. **441. Nefndarálit** [144. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 7 31. marz 1967, um námslán og námsstyrki.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Þegar lögín um námslán og námsstyrki voru sett, var mörkuð sú stefna í 2. grein þeirra, að opinber aðstoð samkvæmt lögunum skyldi nægja hverjum námsmanni til þess að standa straum af árlegum námskostnaði, þegar eðlilegt tillit hefði verið

tekið til aðstoðu hans til fjáröflunar. Þær raddir heyrðust þegar í upphafi, að Alþingi bæri að setja sér einhver tímamörk í þessu sambandi, en á það gat meiri hluti Alþingis ekki fallið þá. Þess vegna jukust fjárveitingar til lánasjóðsins of hægt í upphafi, svo að af hlutust miklir erfiðleikar og raunar neyðarástand eftir gengislækk-anirnar 1967 og 1968. Barátta utan þings og innan leiddi síðan til þess, að fjárveitingar voru auknar mjög verulega, og er nú talið, að sjóðurinn fullnægi tæpum tveimur þriðju af umframfjárförf þeirra námsmanna, sem rétt eiga á aðstoð frá honum. Með sama vaxtarhraða og upp var tekinn á síðasta ári væri hægt að tryggja það, að sjóðurinn næði að fullu hinu upphaflega markmiði sínu á þremur árum. Þetta var staðfest af Gylfa Þ. Gíslasyni menntamálaráðherra í ræðu á Alþingi 17. nóv. 1970, og kvaðst hann samþykkur því, að sú stefna væri mörkuð. Hins vegar benti hann réttilega á, að hið endanlega ákvörðunarvald væri í höndum Alþingis.

Frumvarp þetta var flutt til þess að koma til móts við stefnu Gylfa Þ. Gíslasonar menntamálaráðherra, með því að ákveða að fullnægja þörfum lánasjóðsins á þremur árum. Þau furðulegu tíðindi hafa hins vegar gerzt í menntamálanefnd, að stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar hafa — í samráði við menntamálaráðherra — lagzt gegn því, að frumvarpið verði samþykkt. Enda þótt Gylfi Þ. Gíslason óskaði eftir því 17. nóv. 1970, að Alþingi markaði ákveðna stefnu í málinu, leggst hann og samverkamenn hans nú gegn því, að sú stefna verði mörkuð. Við teljum þessa atburðarás til marks um fráleita sýndarmennsku og leggjum til, að frumvarpið verði samþykkt.

Frumvarpið var sent til umsagnar Stúdentaráði Háskóla Íslands, Sambandi íslenzkra námsmanna erlendis og Lánasjóði íslenzkra námsmanna. Bárust jákvæð svör frá þeim öllum, og eru þau prentuð hér á eftir sem fylgiskjöl.

Alþingi, 3. marz 1971.

Magnús Kjartansson,
frsm.

Sigurvin Einarsson.

Eysteinn Jónsson.

Fylgiskjal I.

STÚDENTARÁÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS

Reykjavík, 16. des. 1970.

Til menntamálanefndar
neðri deildar Alþingis.

Virðulega menntamálanefnd neðri deildar Alþingis. Hagsmunanefnd Stúdentaráðs Háskóla Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga nr. 176, borið fram af Magnúsi Kjartanssyni og Þórarni Þórarinssyni.

Þó S.H.Í. telji nauðsynlegt, að umframfjárförf stúdenta verði fullnægt fyrr en tekið er fram í ofangreindu frumvarpi, álitum við það mikilsvert, að lögbundin verði ákveðin tímabundin áætlun til þess að fullnægja fjárförf námsmanna umfram eðlilega eigintekjuöflun.

Þess vegna lýsum við yfir stuðningi við ofangreint lagafrumvarp, svo langt og það nær.

Virðingarfyllst,
f. h. Hagmunanefndar S.H.Í.
Jóhann Pálsson.

Fylgiskjal II.

S.Í.N.E.

SAMBAND ÍSLENZKRA NÁMSMANNA ERLENDIS

Reykjavík, 10. des. 1970.

Til

menntamálanefndar
neðri deildar Alþingis.

Umsögn um 176. Frumvarp til laga um námslán og námsstyrki.

Stjórn S.Í.N.E. hefur rætt frumvarpið og mælir með samþykkt þess. Við viljum þó koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri við háttvirta menntamálanefnd.

1. Í kröfum okkar höfum við alltaf haldið fast við, að í upphafi námsársins 1974/75 verði þegar búið að ná 100% umframfjárfarfar, þ. e. að á námsárinu 1973/74 verði unnt að ná þessu takmarki.

2. Við mælumst til, að orðalag nügildandi laga haldist óbreytt í lok 2. mgr. og hljóði „ . . . verði unnt að fullnægja allri fjárförf námsmanna, þegar eðlilegt tillit hefur verið tekið til aðstöðu hans til fjáröflunar.“

Að öðru leyti mælum við eindregið með samþykkt frumvarpsins, og viljum minna á, að S.Í.N.E. reyndi á síðasta vetri að fá fram borið svipað frumvarp, en var synjað af þeim, sem til var leitað. Þetta er án efa eitt af stórmálum námsmanna, og mundi þetta frumvarp, ef samþykkt yrði, þar með koma þessu heilu í höfn.

Fögnum við frumvarpi þessu og leggjum einu sinni enn áherzlu á samþykkt þess.

F. h. stjórnar S.Í.N.E.

Þröstur Ólafsson.

Fylgiskjal III.

LÁNASJÓÐUR ÍSLENZKRA NÁMSMANNA

Reykjavík.

Reykjavík, 16. desember 1970.

Lánasjóði ísl. námsmanna hefur borizt erindi hæstvitrar menntamálanefndar neðri deildar Alþingis, dags. 2. þ. m., þar sem óskað er umsagnar um frv. til laga um breytingu á lögum um námslán og námsstyrki, nr. 7 31. marz 1967. Er bæði ljúft og skylt að láta þá umsögn í té.

Með 2. gr. téðra laga var á sínum tíma mörkuð algerlega ný stefna um opinbera aðstoð við þá námsmenn, sem lögin gerðu ráð fyrir að aðstoðin næði til. Á fyrsta árinu fyrir setningu laganna, þ. e. skólaárið 1966—'67, mun námsaðstoðin hafa numið innan við 30% af fjárförf þeirra námsmanna, sem umsóknir sendu. Á þessu varð mikil breyting til bóta á næstu árum, þannig að á skólaárinu 1969—'70 er aðstoðin orðin um 53%. Stærsta skrefið er svo stigið í ár. Vekja ber á því sérstaka athygli, að fjármagn það, sem til hefur þurft, hefur orðið að tvöfaldast vegna fjölgunar námsmanna og útfærslu lánakerfisins (þ. e. til fleiri skóla miðað við upphafslegu lögin), auk þeirrar hlutfallslegu hækkunar, sem lýst var.

Af þessu er ljóst, að í rauninni hófst veruleg sókn að settu marki laganna strax eftir að þau tóku gildi. Á s. l. vetri gerði stjórn sjóðsins að tilhlutan hæstvirts menntamálaráðherra á því athugun, hvaða fjármuni sjóðurinn þyrfti að hafa til ráðstöfunar, til þess að marki laganna yrði náð á skólaárinu 1974—'75, miðað við óbreytt verksvið, þ. e. að námsaðstoðin næði til sömu skóla og áður. Var þá sem sagt haft í huga að ná lokamarkinu í 4 til 5 áföngum. Tillögur stjórnar sjóðsins um fjárveitingu fyrir skólaárið 1970—'71 voru við það miðaðar, að fyrsta skrefið yrði stigið þá. Þrátt fyrir meiri fjölgun námsmanna en oftast áður, — enda var með

verulegri fjölgun reiknað, — mun þetta takast með því ráðstöfunarfé, sem ríkisstjórnin lagði til við hið háa Alþingi að sjóðnum yrði látið í té á næstu fjárlögum.

Þegar eftir móttöku tillagna stjórnar lánasjóðsins til fjárlaga fyrir árið 1971, sem hæstvirtum menntamálaráðherra voru fengnar á s. l. vori, tjáði hann stjórn sjóðsins, að ríkisstjórnin hefði á þær fallizt. Stjórn lánasjóðsins lagði í þetta þá merkingu, að í samþykkt tillagnanna fælist viljayfirlýsing um tímasetningu þess, hvenær markinu skyldi náð. Yfirlýsing hæstvirts menntamálaráðherra á Alþingi um þetta efni þ. 17. nóv. s. l. staðfestir þetta.

Að sjálfsgöðu vill stjórn lánasjóðs íslenskra námsmanna leyfa sér að láta í ljós þakklæti sitt til hins háa Alþingis fyrir væntanlegt samþykki þess á tillögum til fjárlaga fyrir sjóðinn á næsta ári, jafnframt því sem hún væntir þess, að hið háa Alþingi og ríkisstjórn muni á næstu árum tryggja, að hinu umtalaða markmiði laganna um námslán og námsstyrki, sem grundvöllur hefur nú verið lagður að, verði náð á næstu þremur til fjórum árum.

Með virðingu,

Lánasjóður íslenskra námsmanna

Gunnar Vagnsson
formaður.

Til
neðri deildar Alþingis,
Reykjavík.